


Könnun hjónavígsluskilyrða – þróun frá 2019 - 2023


Samkvæmt III. kafla hjúskaparlaga nr. 31/1993 má hjónavígsla ekki fara fram nema fyrir liggi vottorð löggilds könnunarmanns um að enginn lagatálmi sé á fyrirhuguðum hjúskap. Könnunaryvottorð gildir í 30 daga frá útgáfudegi og skal hjónavígsla fara fram á því tímabili. Á Íslandi mega prestar og forstöðumenn skráðra trú- eða lífsskoðunarfélaga og borgaralegir vígslumenn annast hjónavígslu.

Könnun hjónavígsluskilyrða var í höndum sýslumanna og forstöðumanna trú- og lífsskoðunarfélaga ef bæði hjónaefni áttu lögheimili á Íslandi. Könnun hjónavígsluskilyrða var alfarið í höndum sýslumanna þegar lögheimili annars eða beggja hjónaefna var erlendis.

Hér fyrir neðan sést hvernig málafjöldi skiptist á milli embætta sýslumanna. Bláu súlurnar sýna fjölda mála vegna útgáfu könnunaryvottorða en hjónavígsla hefur verið framkvæmd af öðrum vígsluaðila en sýslumanni. Rauðu súlurnar sýna fjölda mála þar sem sýslumenn hafa annast bæði könnun hjónavígsluskilyrða og hjónavígsluna.




Hér fyrir neðan sést hvernig málafjöldi skiptist á milli embætta sýslumanna. Bláu súlurnar sýna fjölda mála vegna útgáfu könnunaryvottorða en hjónavígsla hefur verið framkvæmd af öðrum vígsluaðila en sýslumanni. Rauðu súlurnar sýna fjölda mála þar sem sýslumenn annast bæði könnun hjónavígsluskilyrða og hjónavígsluna.




Frá byrjun árs 2021 var embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum (SMVEY) falið af dómsmálaráðuneyti að annast könnun hjónavígsluskilyrða fyrir embætti sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu (SMH). SMH annast eftir sem áður hjónavígslur.


Hér fyrir neðan sést hvernig málafjöldi skiptist á milli embætta sýslumanna. Bláu súlurnar sýna fjölda mála vegna útgáfu könnunarvottorða en hjónavígsla hefur verið framkvæmd af öðrum vígsluaðila en sýslumanni. Rauðu súlurnar sýna fjölda mála þar sem sýslumenn annast bæði könnun hjónavígsluskilyrða og framkvæmd hjónavígslu. Þar sem SMVEY hafði verið falin könnun hjónavígsluskilyrða sýnir græna súlan hjá SMH fjölda hjónavígslu en gráa súlan hjá SMVEY könnun hjónavígsluskilyrða fyrir þær hjónavígslur.




Með lögum nr. 40/2022 voru gerðar breytingar á hjúskaparlögum sem fólu m.a. í sér að sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra annast einir könnun hjónavígsluskilyrða. Breytingarnar tóku gildi 1. september 2022 og þar með hættu prestar og forstöðumenn trú- og lífsskoðunarfélaga að annast könnun hjónavígsluskilyrða. Með breytingareglugerð nr. 987/2022 var Sýslumanninum í Vestmannaeyjum og löglærðum fulltrúum embættisins falið að annast könnun hjónavígsluskilyrða á landsvísi frá 1. september 2022. Hér fyrir neðan má sjá fjölda útgefna könnunarvottorða árið 2022 og 2023.



Þann 1. febrúar 2023 var opnað fyrir rafrænar umsóknir vegna könnunar hjónavígsluskilyrða. Þau hjónaefni sem eru fædd á Íslandi, með lögheimili á Íslandi og eru með rafræn skilríki geta þannig sótt um með rafrænum hætti og óskað allra fylgigagna og greitt fyrir þau í rafrænu umsóknarferli. Hjónaefni þurfa ekki að afhenda nein gögn né sækja könnunarvottorðið heldur er það sent í pósthólf þeirra á island.is.



Hér fyrir neðan má sjá fjölda mála, fjölda útgefinn könnunarvottorð og fjölda mála sem hafa verið afturkolluð eða fellt niður árin frá og með árinu 2019 og út árið 2023.



Tölfræði embætta sýslumanna á landsvísu

Útgefandi: Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Ritstjórn: Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Tölfræði er aðeins gefin út á rafrænu formi og birt á vefsvæði sýslumanna á island.is